

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



Dags eftirlits	28.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Bakka 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Heiðdal	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik kom fram við eftirlitið er varða ársyfirlit og skil á grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðuð dagskrá var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Frávik, ábendingar og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Farið var yfir áhættumat ársins 2021 og flokka áhættumatsins vegna ársins 2022 kynntar.

Framleiðsla ársins 2021 var samkvæmt grænu bókhaldi tæp 130 tonn. Lífmassi fór aldrei yfir 100 tonn á árinu.

Farið var yfir, að til staðar skyldu vera umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Skv. gr. 3.10 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs, vinna samkvæmt henni og uppfæra ef þörf er á. Í eftirliti kom fram að breyting væri á meðhöndlun úrgangs og þarf því að skila inn uppfærðri áætlun samkvæmt því. Áætlun hefur verið skilað inn til stofnunarinnar.

Hreinsiefni og spilliefni eru í brúsum í efnageymslu. Öryggisblöð voru til staðar

Framkvæmdir eru við byggingu eldiskerja og því efni og byggingaúrgangi á lóð. Rekstraraðilia er bent á að snyrilegt skuli vera á athafnarsvæði og ganga þurfi vel um.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 4.4 í starfsleyfi

Ársyfirliti skal skila inn fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti 2021 var skilað inn 3. maí s.l.. Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga síðastliðins árs. Í ársskýrslu kemur ranglega fram að mælingar eigi ekki við og niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru árið 2021 fylgdu ekki ársyfirliti.

gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst án undirskriftar stjórnar 3. maí 2021.

ÁBENDINGAR

Við athugun á niðurstöðum mælinga kemur í ljós að mæligildi svifagna úr sýnatöku frá 14.10 s.l. eru hærri eftir hreinsun en fyrir. Þetta bendir til þess að ekki sé rétt staðið að sýnatökum/mælingum eða að hreinsunarbúnaður virki ekki eins og til er ætlast. Í grein 3.5 í starfsleyfi kemur m.a. fram að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns.

Telur stofnunin að fara þurfi yfir ferla sýnatöku/mælinga og yfirfara hreinsibúnað til að finna út hvað veldur þessum mæligildum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.11.2022

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

